

M2200

P02 & M02 Pökkunarvog

Marel hf.

Austurhrauni 9 • 210 Garðabæ
Sími: 563 8000 • Fax: 563 8001
info@marel.is • www.marel.com

Marel hf. áskilur sér rétt til breytinga á innihaldi bókarinnar án frekari fyrirvara. Efni bókarinnar er ekki skuldbindandi fyrir Marel hf. Ekki má afrita eða fjölfalda bókina með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, þar með talið tölvutækt form, án skriflegs leyfis útgefanda.

Marel® er skráð vörumerki Marel hf.

Prentað í Reykjavík, júní 2003.

© 2003 Marel hf. Öll réttindi áskilin.

030626ISL

ÖRYGGISREGLUR FYRIR MAREL-VOGIR

Notendur vogarinnar og þeir sem annast uppsetningu hennar, skulu kynna sér eftirfarandi öryggisreglur.

Ef ekki er farið eftir öryggisreglunum, fellur ábyrgð framleiðanda úr gildi. Einnig getur brot á reglunum valdið því að vugin vinni ekki rétt og valdi alvarlegum meiðslum eða bana.

VIÐVÖRUN

- Við uppsetningu vogarinnar verður að fylgja þeim reglum sem gilda á hverjum stað eða landi.
- Slökkvið á vuginni og setjið lás á aflrofa áður en viðgerð fer fram.
- Raflagnir og viðgerð á rafmagni skulu aðeins framkvæmdar af rafvirkjum í samræmi við tæknilýsingu framleiðanda og þær reglur sem gilda á hverjum stað eða landi.
- Í húsi vogarinnar eru engir íhlutir sem notandi getur sjálfur skipt um. Opnið ekki húsið. Hætta á rafstraumi.

Aldrei má

toga í efri rammann innan á hlifinni utan um vogarpallinn, því að þá er hætt á að kraftneminn bogni.

Aldrei má

lata vuginna falla úr nokkurri hæð, t.d. af borðplötu niður á gólf. Vugin er nákvæmnistæki og viðkvæm fyrir hnjóski.

ATHUGIÐ!

Marel-vogir eru framleiddar samkvæmt Flokki I, en slík tæki er SKYLT að jarðtengja til að tryggja fyllsta öryggi við notkun.

NOTIÐ AÐEINS TENGLA MEÐ JARÐTENGINGUM

Litróf rafmagnsvíra:

	Alþjóðlegt	N-Amerískt
Jörð	Grænn/gulur	Grænn eða grænn/gulur
Núlltaug	Ljósblár	Hvítur
Fasi	Brúnn	Svartur

Öryggi eru á núlltaug og fasa.

Efnisyfirlit

Inngangur 3

ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM M2200	3
Stillingar framleiðanda.....	3
Samskipti	3
Vogin tekin í notkun	4
UM HANDBÓKINA.....	4
Endurbætur.....	4
Ábyrgð	5
TÆKNILÝSING.....	6

Notkun 9

ÁÐUR EN HAFIST ER HANDA	9
NOTENDAVIDMÓTIÐ	9
Breytitakkar	10
Vogarsíðan	10
Kerfissíðan	11
STOFNUN AFURÐA.....	12
Nafnþyngdarháttur valinn	13
NOTKUN TÖRU	15
Venjuleg tara.....	15
Sjálfvirk tara	16
Innslegin tara.....	17
Stillingar skipavogar	18
ÞRIF	19
VILLUBOÐ	21

Uppsetning 23

ALMENNT	23
TÆKJASTILLINGAR	23

Stillingar 25

ALMENNT	25
Vigtarsvið og upplausn	26
Þyngdareining	27
Stilling viðbragðstíma.....	27

STILLING VOGARINNAR	28
Aðgerðin stilling kvörðunarstuðuls	30
Forritun	31
ALMENNT	31
LÍKAN (MODEL).....	31
TCP ÞJÓNSTENGI	32
SKRÁÐ LUA-FÖLL	32
Skjáföll	32
Ýmis föll	33
Samskiptatengisföll	33
Líkansaðgangsföll	34
Atvikaföll	34
Föll fyrir stafrænt ílag	34
Föll fyrir stafrænt frálag	35
Rauntímaklukka - föll	35
Föll fyrir tímamæli*	35
SKJÁSTÝRISTAFIR.....	36
ATVIK	36
Viðauki	39
LÖG OG REGLUGERÐIR	39
MERKING OG INNSIGLUN	39
Merkingar í ESB	40
INNSIGLUN Á M2200 EFTIR STILLINGAR.....	41
Varðar breytur	42
VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR.....	44
M2200 P02 & M02 - SÍÐUYFIRLIT	45
Orðskýringar	47
Atriðisorð	49

Inngangur

Almennar upplýsingar um M2200

M2200 er sett saman úr M2200 vogarhaus með LCD-skjá og, ef tækið er notað sem vog, frístandandi vogarpalli með kraftnema. M2200 vogin fæst með tveimur vigtarsviðum, sem fara eftir gerð vogarpallsins.

M2200 fæst í þremur gerðum:

- M2200-P02-xxxx-V1 pökkunarvog, til notkunar í landi
- M2200-P02-xxxx-V1 pökkunarvog, til notkunar um borð í skipum
- M2200-P02-xxxx-V1 skráningarstöð

M2200-vogarhausinn er hannaður fyrir mismunandi notendahugbúnað og fínanlegt er úrval hugbúnaðar til notkunar í mismunandi uppsetningum. Notkun þessa hugbúnaðar er lýst í sérstökum handbókum.

Stillingar framleiðanda

Framleiðandi sendir M2200-vogina frá sér með þessum stillingum¹:

- Vigtarsviðsháttur SJÁLFVIRKUR
- Sjálfvirk tara NEI
- Baklýsing alltaf á NEI

Samskipti

Eftirfarandi samskiptakostir eru tiltækir fyrir M2200-vogina:

- **CAN.** M2200-vogin er hönnuð sérstaklega til vinnslu í nettengdu umhverfi (CANopen). Þegar vogin er tengd við þessa gerð netkerfis, getur netið séð voginni fyrir rafstraumi. Vogin getur stýrt tveimur Í/F-einingum.

¹ Þessum stillingum er hægt að breyta í **4-Grunnkerfi → Kerfi → Configuration → Options**.

- **RS-232.** M2200 getur tengst ytri búnaði um RS-232 (raðtengingar). Vigtanir er hægt að prenta á ytri merkimiðaprentara eða hægt er að senda gögnin á PC til geymslu og frekari vinnslu.
- **Ethernet.** Forrit í voginni geta tengst tölvuneti um Ethernet-netkerfi.

Vogin tekin í notkun

Áður en M2200 er tekin í notkun er ráðlegt að athuga hvort hún hafi orðið fyrir hnjaski við flutning. Hafi vogin/skráningarstöðin skemmst skal strax hafa samband við Marel hf.

Um handbókina

Handbókin er samsafn upplýsinga um M2200. Sumar upplýsingarnar eru sérstaklega ætlaðar notanda M2200 en aðrir kaflar eru ætlaðir tæknimönnum og forriturum hugbúnaðar.

Handbókin skiptist í sex kafla:

- Almennur inngangur – þessi kafli, fyrir alla notendur.
- Notkun – leiðbeiningar um notkun fyrir notandann. Þarna eru einnig upplýsingar um mismunandi M2200-forrit.
- Uppsetning – leiðbeiningar fyrir tæknimenn um samskiptakosti, hvernig nettengingar eru settar upp o.s.frv.
- Stillingar – leiðbeiningar fyrir tæknimenn um það hvernig vigtunarbreytur vogarinnar eru stilltar.
- Leiðbeiningar fyrir forritara – leiðbeiningar fyrir forritara um gerð Lua-forskrifta fyrir M2200.
- Viðauki – upplýsingar um lög og reglugerðir sem tengjast notkun voga og leiðbeiningar um innsíglun vogarinnar.

Endurbætur

Þú getur hjálpað til við að endurbæta þessa handbók og tækjabúnaðinn sem þú hefur keypt. Ef þú finnur villur í þessari handbók, vinsamlegast láttu okkur vita. Þú getur haft samband við okkur hjá: Marel hf., Austurhrauni 9, 210 Garðabæ; sími 563-8000, fax 563-8001, Handbókasvið, netfang: documentation@marel.is.

Ábyrgð

Ábyrgð, sem Marel hf. veitir, fellur úr gildi ef viðkomandi búnaður hefur ekki verið notaður samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Hið sama á við ef búnaðinum hefur verið breytt á einhvern hátt án samþykkis frá Marel.

Tæknilýsing

Framleiðandi:	Marel hf.
Vogarhaus:	M2200-Pxx, Mxx, Txx, x gefur til kynna tegund hugbúnaðar.
Hús:	Hannað til skolonar með lágþrýstingi; AISI 316 ryðfrítt stál; þéttara en IP67.
Viðurkenningar:	ESB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. DK 0199.56
Nákvæmnisflokkur:	III
Mesti fjöldi skerðinga:	$n'_{max} = 7500$ (fyrir hvert svið)
Hámarks törun:	Hámark (Max)
Fæðispenna kraftnema:	
Spenna:	14 Vdc $\pm 5\%$
Eiginleikar:	Jafnstraumur
4 eða 6 víra tenging:	6 víra tenging með skynjun á fæðispennu (3 Ω hámarksviðnám í kapli). Nota má 4 víra tengingu (0,2 Ω hámark).
Minnsta álagsviðnám kraftnema:	85 Ω fyrir kraftnema
Mælisvið:	70 mV
Minnsta merki frá auðum vogarpalli:	-70 mV
Mesta merki frá auðum vogarpalli ef um er að ræða “auðan vogarpall til viðbótar”:	60 mV
Minnsta spennumerki bak við skerðingargildi:	0.4 $\mu V/e$
Vinnuhitamörk:	Minnst -10° C, mest +40° C
Skjáir og ljós:	128 x 240 díla myndrænn kristalskjár
Aflnotkun:	110-230 VAC 0.16-0.1 húsráfmagn
Gagnatengingar:	RS-232 tenging í báðar áttir, 9600 Baud (1200-38400 Baud), 8 gagnabitar og enginn tvístæðubiti (parity-). CAN (Controller Area Network) braut (ISO 11898).
Hámarksgeta og upplausn :	Eftirfarandi töflur sýna dæmigerð gildi fyrir “Max” og “e” þegar M2200-vogarhaus er stilltur. Hægt er að nota önnur gildi, en 3000 deilinga vigtarsvið er oft leyfilegt hámark miðað við lýsingar kraftnema. Hægt er að stilla hausinn þannig að hann vinni með eitt eða tvö vigtarsvið, sem skipta yfir í lægra eða hærra svið með


þyngdinni á pallinum.

Dæmi:

Vigtarsvið 1: Max1 = 3 kg, e = 1 g (lágt vigtarsvið, há upplausn)

Vigtarsvið 2: Max2 = 6 kg, e = 2 g (hátt vigtarsvið, lág upplausn)

Mál:
M2200 vogarhaus



Eitt vigtarsvið

Metramál		Avoirdupois-einingar			
Max	e=d	Max	e=d	Max	e=d
3 kg	1 g	6 lb	0.002 lb	96 oz	0.05 oz
6 kg	2 g	15 lb	0.005 lb	240 oz	0.1 oz
15 kg	5 g	30 lb	0.01 lb	480 oz	0.2 oz
25 kg	10 g	50 lb	0.02 lb	800 oz	0.5 oz
30 kg	10 g	60 lb	0.02 lb	960 oz	0.5 oz
60 kg	20 g	150 lb	0.05 lb	2400 oz	1 oz
150 kg	50 g	300 lb	0.1 lb		
300 kg	100 g	600 lb	0.2 lb		
600 kg	200 g	1500 lb	0.5 lb		
1000 kg	500 g	2000 lb	1 lb		
1500 kg	500 g	3000 lb	1 lb		
2000 kg	1 kg	4000 lb	2 lb		
3000 kg	1 kg	6000 lb	2 lb		
4000 kg	2 kg	8000 lb	5 lb		
6000 kg	2 kg	15000 lb	5 lb		

Tvö vigtarsvið

Metramál		Avoirdupois-einingar			
Max1/Max2	e =d	Max	e =d	Max	e =d
3 / 6 kg	1 / 2 g	6 / 15 lb	0.002 / 0.005 lb	96 / 240 oz	0.05 / 0.1 oz
6 / 15 kg	2 / 5 g	15 / 30 lb	0.005 / 0.01 lb	240 / 480 oz	0.1 / 0.2 oz
15 / 25 kg	5 / 10 g	30 / 50 lb	0.01 / 0.02 lb	480 / 800 oz	0.2 / 0.5 oz
15 / 30 kg	5 / 10 g	30 / 60 lb	0.01 / 0.02 lb	480 / 960 oz	0.2 / 0.5 oz
30 / 60 kg	10 / 20 g	60 / 150 lb	0.02 / 0.05 lb	960 / 2400 oz	0.5 / 1 oz
60 / 150 kg	20 / 50 g	150 / 300 lb	0.5 / 0.1 lb		
150 / 300 kg	50 / 100 g	300 / 600 lb	0.1 / 0.2 lb		
300 / 600 kg	0.1 / 0.2 kg	600 / 1500 lb	0.2 / 0.5 lb		
600 / 1000 kg	0.2 / 0.5 kg	1500 / 2000 lb	0.5 / 1 lb		
600 / 1500 kg	0.2 / 0.5 kg	1500 / 3000 lb	0.5 / 1 lb		
1500 / 2000 kg	0.5 / 1 kg	3000 / 4000 lb	1 / 2 lb		
1500 / 3000 kg	0.5 / 1 kg	3000 / 6000 lb	1 / 2 lb		
3000 / 4000 kg	1 / 2 kg	6000 / 8000 lb	2 / 5 lb		
3000 / 6000 kg	1 / 2 kg	6000 / 15000 lb	2 / 5 lb		


Notkun

Áður en hafist er handa

Áður en M2200-vogin er sett í samband þarf að athuga eftirfarandi:

- Áríðandi er að ekkert utanaðkomandi geti hindrað hreyfingar vogarpallsins.
- Þegar vogin er sett í samband er áríðandi að vogarpallurinn sé auður.
- Vogin á að standa á stöðugri og sléttri undirstöðu, þar sem ekki er titringur.
- Notið innbyggða hallamælinn til að stilla vogarpallinn.

Notendaviðmótið



Mynd 1 M2200-haus, framhlið.

Notendaviðmótið felst í M2200-glugga með takkaborði og skjá með forritanlegum breytitökkum og valmyndaratriðum.

Breytitakkar

Takkaborðið er með tölutakka og tvo sértakka, Staðfestingar- og Síðu-.

Staðfestingartakki



Staðfestingartakinn er notaður til að staðfesta aðgerðir, t.d. val á valmyndaratriði.


Síðutakki



Síðutakinn er notaður til að fletta gegnum síðurnar og til að fara af síðum.

Vogarsíðan

Aðalvigtunarsíðan, Vogarsíðan, sýnir vigtanir í einingunum sem valdar hafa verið fyrir vogina (1).



Mynd 2 Vogarsíðan.

Önnur atriði á Vogarsíðunni:

- Vigtarsvið og upplausn (2)
- Tveir örvatakkar og NÚLL/TÖRU-takki (3)
- Stöðugleika- og núll-vísar (4)
- NET (Tara) og PT (Innslegin tara, (Preset Tare)) vísar (5 – sjást ekki).

Núll

Takinn  (NÚLL/TARA) er notaður til að stilla vogina á núllpunkt ef núllpunkturinn helst innan $\pm 2\%$ af hámarksþyngd frá upphaflega núllpunktinum.²

Núllpunkturinn er viðmiðunarpunktur allra vigtana, og því er nauðsynlegt að hann sé réttur til að tryggja nákvæmar vigtunarniðurstöður. Vísirinn  lýsist upp þegar vogin er á núlli.

² Ef sjálfvirk núllun er valin (Aðalvalmynd → 4- Grunnkerfi → Kerfi → Configuration → Weighing Configuration → Options → Zero Tracking) stillir vogin sjálf núllpunktinn. Mesti stillingarhraði er 0,5 deilingar á sekúndu.

Nýr núllpunktur tekinn

- 1 Tæmið vogarpallinn.
- 2 Styðjið á 

Núllvísirinn (➔0➔) birtist á skjánum.

Ábending


Ef ekki er hægt að stilla núllpunktinn með takkanum  er hægt að nota valkostinn **Taka nýtt upphafsnúll** á síðunni Vogaraðgerðir til að stilla núllpunktinn aftur. Upphafsnúllpunkturinn getur legið á bilinu $\pm 10\%$ af hámarksþyngd sem er reiknuð út frá kvörðunar-núllpunktinum.

Kerfissíðan

Kerfissíðan (**Aðalvalmynd** ➔ **4-Grunnkerfi** ➔ **Kerfi**) gefur aðgang að ýmsum kerfisvalkostum, t.d. skilgreiningu og villugreiningu.

Athugið: Aðalvalmyndin er kölluð fram með því að styðja á og halda niðri SÍÐU  takkanum í u.þ.b. þrjár sekúndur.

Kerfissíðan



Mynd 3 Kerfissíðan.

Örvatakkarnir upp og niður eru notaðir til að fara milli valkostanna.

Staðfestingartakkinn, , er notaður til að velja atriði og birta viðkomandi síðu.

Stofnun afurða

Hægt er að stofna fjölda afurða, einnig kallaðar uppskriftir, sem í eru pökkunarbreytur notandans.

Eftirfarandi dæmi sýnir hvernig afurð er stofnuð og viðeigandi breytur skilgreindar fyrir sjálfstæða pökkunarvog.

Athugið: M2200-notendaforrit nota pökkunarbreyturnar á mismunandi hátt og sum nota þær alls ekki.

Afurð stofnuð

- 1 Í aðalvalmyndinni er valið **4-Grunnkerfi** → **Stilling** → **Auðkenni uppskriftar**. Hér er hægt að rita einkenniskóða, heiti og númer uppskriftar.
- 2 Valið er **Uppskriftir** → **Vista uppskrift** til að vista afurðina með nýju heiti og auðkenniskóða.
- 3 Valið er **Pökkun** og nauðsynleg breytugildi rituð, til dæmis:



Mynd 4 Stillingasiðan.



Mynd 5 Vogarsíðan

– Nafnþyngdarháttur:	Yfirvigt
– Yfirvigt	0,100 kg
– Nafnþyngd	2 kg
– Efri læsingarmörk:	0,200 kg
– Neðri læsingarmörk:	0,200 kg

Hægt er að velja um fimm mismunandi nafnþyngdarhætti: Yfirvigt, Yfirvigt %, Mörk, Skref, Allar þyngdir.

Hver háttur er útskýrður nánar í “Nafnþyngdarháttur valinn” á bls. 13.

- 4 Valið er **Uppskriftir** → **Vista uppskrift** til að vista breytustillingarnar.
- 5 Valið er **Sjálfvirk skráning** ef vegin á að skrá vigtanir sjálfvirk. Fjórir valkostir eru tiltækir:
 - skrá þegar þyngdin á vogarþallinum er fjarlægð þaðan. Þessi kostur er algengastur við sjálfvirka skráningu.
 - skrá þegar þyngdin á þallinum eykst.
 - skrá þegar þyngdin á þallinum fellur.
 - skrá þegar þyngdin á þallinum hefur breyst og er orðin stöðug.



Mynd 6 Stillingasiðan, valkosturinn Sjálfvirk skráning

Uppskriftir
Auðkenni uppskriftar
Pökkun
Stilling uppskriftar
Sjálfvirk skráning
Efri og neðri mörk
Stilling takis I
Stilling takis II

Mynd 7 Stillingasiðan, valkosturinn Efri og neðri mörk

6 Valið er **Efri og neðri mörk** ef tilgreina þarf þyngdarmörk til að stýra færiböndum, til dæmis til að ræsa eða stöðva færiböndin.

7 Valið er **Uppskriftir → Vista uppskrift** til að vista breytustillingarnar.

Athugið: Skrifast getur yfir nýjar breytustillingar ef flett er úr einni afurð yfir í aðra með vinstri og hægri örvunum (sjá Mynd 5 , til dæmis).


Ráðlegt er að vista sem oftast svo að ekki sé skrifað yfir í ógáti (liðir 2, 4 og 7).

Nafnþyngdarháttur valinn

Val á nafnþyngdarhætti ræður því hvernig M2200 reiknar nafnþyngdina út og notar pökkunarbreyturnar. Eftirfarandi hugtök og skammstafanir eru notuð í dæmunum:

Hugtak:	Skammst.:	Breytuheiti:	Skilgreining:
Nafnþyngd	NÞ		Þyngd afurðarinnar eins og hún er tilgreind á pakkamiðanum.
Markþyngd	MÞ		Þyngdin sem notandi vogarinnar reynir að ná á pakka með einhverri tiltækri útreikningsaðferð
Pakkþyngd	Þ		Endanleg (raunveruleg) þyngd pakkans
Föst þyngd	FÞ	Nafnþyngd	Föst venjuleg þyngd
Yfirvignt	YV	Yfirvignt	Föst aukþyngd sem er bætt við fasta nafnþyngd til að ná markþyngdinni
Yfirvignt %	YP	Yfirvignt %	Sama og YV nema að yfirvigntin er tilgreind sem prósentu af nafnþyngdinni
Lágmarksþyngd	LMP	Nafnþyngd	Notað í háttunum Mörk og Skref til að tilgreina neðri mörk
Hámarksþyngd	HMP	Efri mörk nafnþyngdar	Notað í háttunum Mörk og Skref til að tilgreina efri mörk
Þyngdarskref	ÞS	Nafnþyngdarskref (stærð)	
Neðri læsingarmörk	NLM	Neðri læsingarmörk	Leyfilegt hámarksfrávik (niður á við) frá markþyngdinni
Efri læsingarmörk	ELM	Efri læsingarmörk	Leyfilegt hámarksfrávik (upp á við) frá markþyngdinni

Yfirvigt



Þessi háttur er notaður þegar pakkað er í fastri þyngd. Nafnþyngdin er föst. Markþyngdin er reiknuð sem:


$$\mathbf{M}\mathbf{p} = \mathbf{F}\mathbf{p} + \mathbf{Y}\mathbf{V}$$

Hér þarf að tilgreina efri og neðri læsingarmörk. Pakkabyngdin verður einhvers staðar á bilinu milli efri og neðri markanna.

Breytur sem þarf að skilgreina:

”Nafnþyngd”, “Yfirvigt”, “Efri læsingarmörk”, “Neðri læsingarmörk”.

Yfirvigt %



Þessi háttur er notaður þegar pakkað er í fastri þyngd og prósentu af nafnþyngdinni notuð til að ná markþyngdinni.


Markþyngdin er reiknuð sem:

$$MP = FP * (1 + YP/100)$$

Breytur sem þarf að skilgreina:

”Nafnþyngd”, ”Yfirvigt %”, ”Efri læsingarmörk”, ”Neðri læsingarmörk”.

Mörk



Þessi háttur er notaður þegar pakkað er í breytilegri þyngd. Leyfileg lágmarksþyngd er LMP og leyfileg hámarksþyngd er HMP. Það er engin markþyngd.


Nafnþyngd er reiknuð sem:

$$NP = P / (1 + YP/100)$$

Breytur sem þarf að skilgreina:

”Nafnþyngd”, “Yfirvigt %”, “Efri mörk nafnþyngdar”.

Skref



Yfirleitt er þessi þökkunarháttur aðeins notaður við þökkun á laxi.

Nafnþyngdin er minnsta þyngdin undir $\mathcal{P}$ sem reiknuð er með því að bæta $\mathcal{P}\mathcal{S}$ hvað eftir annað við $\mathcal{LMP}$.


Markþyngdin er reiknuð sem:

$$MP = NV * (1 + YP/100)$$

Tilgreina þarf efri læsingarmörk fyrir hvert skref. Þetta merkir að afurðir með þyngd sem fer yfir efri læsingarmörk í skrefi 1, til dæmis, falla í þyngdarflokkinn í skrefi 2.

Breytur sem þarf að skilgreina:

”Nafnþýngd”, “Yfirvigt %”, “Efri mörk nafnþýngdar”, “Efri læsingarmörk”,
 “Nafnþýngdarskref”.



Allar þyngdir

Þessi háttur er notaður þegar pakkað er í breytilegri þyngd. Það eru engar takmarkanir á nafnþyngd og það er engin markþyngd.

Nafnþyngd er reiknuð sem:

$$NV = P / (1 + YP/100)$$

Breytur sem þarf að skilgreina: “Yfirvig”.

Notkun töru

Vogin hefur þrjár töruaðgerðir:

- Venjuleg tara
- Sjálfvirk tara
- Innslegin tara

Venjuleg og sjálfvirk tara

Fyrri gerðirnar tvær virka á svipaðan hátt, fyrir utan það að sjálfvirk tara leiðréttir það sjálfkrafa þegar örlítill munur er á þyngd bakka eða askja, sem settar eru á vogarpallinn.

Þetta þýðir að notandinn getur sett misþunga bakka á vogarpallinn án þess að þurfa að styðja á **[→0+/-T]** í hvert sinn sem hann skiptir um bakka. Sjálfvirkara taran sér um það.


Innslegin tara

Innslegin tara er ólík að því leyti að það er notandinn sjálfur sem færir inn gildi að eigin vali, í stað þyngdar sem vogin skynjar.

Þessi aðferð getur hentað við vissar aðstæður, til dæmis í þökkunarkerfum þar sem þyngd umbúða er þekkt.

Venjuleg tara

Stíllt á töru



Mynd 8 Vogarsíða, tara í notkun.

- 1 Setjið bakka (töruþyngdin) á vogarpallinn og styðjið á **[→0+/-T]**.
- 2 NET-vísirinn birtist á Vogarsíðunni til að sýna að tara sé í notkun.
- 3 Síðan er NETTÓ-þyngdin á vogarpallinum sýnd á Vogarsíðunni.

Tara fjarlægð


- 1 Tæmið vogarpallinn.
- 2 Styðjið á **[→0+/-T]**.
NET-vísirinn hverfur.

Athugið: Á sumum markaðssvæðum er notkun töru vernduð með rofa í forritinu.³ Við það breytist notkun törunnar:

- Fjarlægja þarf töruna (sjá hér að ofan) áður en hægt er að færa inn nýtt törugildi sem er lægra en hið fyrra.
-

Sjálfvirk tara

Notkun sjálfvirkrar töru



- 1 Kannið hvort valkosturinn Sjálfvirk tara sé í gildi á voginni. Sjálfgefið er að þessi kostur er ekki valinn.
- 2 Í aðalvalmyndinni skal velja **4-Grunnkerfi** → **Kerfi** → **Configuration** → **Options**.
- 3 Í valmyndinni **Options** skal velja Automatic tare (**Sjálfvirk tara**) og styðja á ☒.
- 4 Færið inn YES til að vinna við sjálfvirka töru og styðjið á .
- 5 Setjið bakka (töruþyngdin) á vogarpallinn og styðjið á  (venjuleg tara, sjá hér að framan).
- 6 Takið bakkann af vogarpallinum og setjið nýjan bakka á pallinn.
- 7 Ef þyngd nýja bakkans er innan við $\pm 30\%$ af fyrri bakkanum tarar vegin þyngd nýja bakkans sjálfkrafa og þyngdarvísirinn á Vogarsíðunni sýnir núll.

Þegar sjálfvirk tara er notuð er ráðlegt að kanna töruna af og til:

- ♦ Setjið bakka á vogarpallinn og athugið hvort þyngdarvísirinn á Vogarsíðunni fer á núll. Ef það gerist ekki þarf að tara vogina aftur með því að styðja á .

Sjálfvirk tara er ekki tiltæk ef vegin er skilgreind fyrir ”beina sölu til almennings”.

Athugið: Sjálfvirk tara getur vegið upp á móti allt að 30% frávikum á töruþyngdinni.

Annar bakkinn, sem settur er á auðan vogarpallinn, er taraður sjálfkrafa ef hann er $\pm 30\%$ af þyngdinni sem handvirka töruaðgerðin tilgreinir. Til að þetta gangi er mikilvægt að vegin sé stöðug og pallurinn tómur áður en seinni bakkinn er settur á vogina.


³ Samkvæmt viðurkenndum reglum um skilyrði beinnar sölu til almennings.

Innslegin tara

Notkun innsleginnar töru



Mynd 9 Vogaraðgerðasiðan.



Mynd 10 Vogarsíða, innslegin tara í notkun.

- 1 Gerum ráð fyrir að Vogaraðgerðasiðan hafi verið skilgreind sem hluti Aðalvalmyndarferlisins.⁴ Styðjið tvisvar á  á vogarsíðunni þar til Vogaraðgerðasiðan birtist (annars þarf að velja **Aðalvalmynd → 5-Vogaraðgerðir**). Veljið Innslegin tara og styðjið á .
- 2 Færið inn stærð törunnar, með tugabrotspunkti ef þarf, og styðjið á  til að staðfesta.
- 3 Styðjið á  þar til Vogarsíðan birtist aftur.

NET-vísirinn birtist á Vogarsíðunni til að sýna að tara sé nú virk. Innslegna törugildið er birt í sérstökum reit beint undir NET-vísinum.

Innslegin tara fjarlægð

- 1 Veljið **Innslegin tara** á Vogaraðgerðasiðunni og styðjið á .
- 2 Styðjið á HREINSA til að eyða innslegna törugildinu og styðjið síðan á  til að staðfesta.
- 3 Styðjið á  þar til Vogarsíðan birtist aftur. Innslegna törugildið er nú 0.000 kg.

Gildi innslegnu törunnar verður að vera innan viktarsviðsins sem er notað á voginni. Annars verður það ekki virkt.

Innslegin törugildi eru sléttuð í næstu deilingu í notkun á voginni.

Dæmi:

1.003 kg innslegin tara verður sléttuð í 1.004 kg í viktarsviði með 2 g upplausn (e=2 g).

Í viktarsviði með 5 g upplausn (e=5 g) verður sama innslegna tara sléttuð í 1.005 kg.

Ekki er hægt að gera innslegna töru virka ef M2200-vogin er sett upp fyrir “beina sölu til almennings” (sjá **Aðalvalmynd → 4-Grunnkerfi → Kerfi → Configuration → Weighing Configuration → Options → Direct Sale to Public = Yes**).

⁴ Velja skal **Aðalvalmynd → Kerfi → Configuration → Options → Select Top Menu Cycle → View Scale Ops**.

Stillingar skipavogar

Stilla þarf M2200 M02 skipavogina öðru hverju til að tryggja að vigtanir séu réttar og nákvæmar.

Takið eftir! Til að tryggja góðan árangur stillingar er áriðandi að stillingin fari fram í sama umhverfi og nota á vogina í, þ.e. á rúmsjó en hvorki á landi né í skjóli hafnar.

Nauðsynlegt er að stilla vogina þegar kveikt er á henni í fyrsta sinn. Eftir það birtist viðvörðun, CAL-vísirinn blikkar á Vogarsíðunni, í hvert sinn sem stillingar er þörf.

Einnig þarf að stilla vogina

- þegar vogin er óstöðug án þess að komið sé við vogarpallinn;
- þegar vigtunarniðurstaðan er ónákvæm, þrátt fyrir réttan núllpunkt;
- þegar ekki er hægt að núllstillast vogina, jafnvel þótt vogarpallurinn sé tómur.

Ábending

- Það er sjálfsögð regla að fylgjast reglulega með stillingunni. Þetta er gert með því að setja þyngd á vogarpallinn og athuga hvort Vogarsíðan sýnir stöðuga og nákvæma þyngd.

Skipavogin stillt

1 Gangið úr skugga um að pallurinn sé tómur.

2 Styðjið á  og haldið niðri til að kalla fram Aðalvalmyndina og veljið **6-Kvörðun skipavogar**. Farið eftir leiðbeiningunum á skjánum:

3 Þegar boðin “Pallurinn er tómur” hafa birst er notandinn beðinn að setja viðmiðunarlóð á vogarpallinn og styðja á . Boðin “Lóðið er á pallinum” sjást meðan vogin er að stilla.

4 Eftir stillinguna birtast boðin “Gæðastuðull nn” (þar sem nn er tala á bilinu 0 til 99) á skjánum. Gildi yfir 25 gefa til kynna lélega stillingu. Í slíkum tilfellum þarf að endurtaka lið 1 til 4 hér að framan.

5 Fjarlægjið viðmiðunarlóðið af vogarpallinum og styðjið á  til að komast aftur á Vogarsíðuna.

Athugið: Boðin “L: Gæðastuðull xx” birtast þegar skipavog hefur verið stillt án þess að pallurinn hafi verið á hreyfingu.

1-Vog	6-Kvörðun skipavogar
2-Förri	7-óvirkt
3-Móðurtölva	8-óvirkt
4-Grunnkerfi	9-óvirkt
5-Vogaraðgerðir	0-Takisauðkenni
	v-Breytingaeftirlit

Mynd 11 Aðalvalmynd.

Þrif

Athugið: Mjög mikilvægt er að M2200-vogin sé vandlega þrifin daglega til að koma í veg fyrir tæringu og ryð. Notið hreint, kalt vatn. Aldrei má skola vogina upp úr sjó.

- Hreinsið M2200 með sótthreinsiefnum sem eru viðurkennd til notkunar í matvælaðnaði. Fylgið notkunarleiðbeiningum framleiðanda.
- Notið ekki óhóflega sterkar lausnir hreinsiefna. Basalausnir tæra áhluti, til dæmis kraftnema. Notkun klórs getur orsakað ryðbletti á ryðfría stálinu.
- Ekki má nota háþrýstislöngur við þrif á M2200. Þess í stað skal nota lítinn vatnsþrýsting eða hella vatni yfir vogina.

Hreinsiefni

Æskilegt sýrustig hreinsiefna sem notuð eru á tæki frá Marel er pH 12-13.⁵

Sterkar basalausnir eru aðalinnihaldsefni í flestum hreinsiefnum, t.d. kalíumhýdroxíð (KOH) eða vítissóti (NaOH). Þar sem hann er mjög tærandi er vítissóti ekki æskilegt hreinsiefni fyrir M2200. Ef mögulegt er skal nota hreinsiefnalausnir með KOH í staðinn.

Ætíð skal fara eftir leiðbeiningum frá framleiðanda hreinsiefnisins.

Notið ekki hreinsiefni sem inniheldur natríumhýpóklóríð við dagleg þrif. Natríumhýpóklóríð er algengt efni í hreinsiefnum, en þar sem það inniheldur klór þarf að nota það með gát því klór tærir ryðfrítt stál.

Dagleg þrif

- Notið hábasískt froðuhreinsiefni, pH 12-13, við dagleg þrif. **Notið ekki** hreinsiefni sem inniheldur natríumhýpóklóríð við dagleg þrif. Froðuhreinsiefnið skal velja af kostgæfni, í því ætti að vera einhver tæringarvörn og betra er að það innihaldi kalíumhýdroxíð (KOH) en vítissóta (NaOH).
- Úðið hreinsiefninu á öll yfirborðssvæði og látið verka í um 20 mínútur. Skolið hreinsiefnið af.
- Til að drepa bakteríur sem kunna að verða eftir er nauðsynlegt að enda daglega hreingerningu með því að úða yfir svæðið og á fleti (eftir þurrkun) fjörgildri ammóníumlausn með 300 ppm virku innihaldsefni.

⁵ Marel hefur þróað hreinsiefnið *Frima fip 6* í samvinnu við íslenska hreinsiefnaframleiðandann Frigg hf. *Frima fip 6* er basískt froðuhreinsiefni sem hentar til notkunar í öllum greinum matvælaðnaðar og er sérstaklega hannað til að draga úr skaðlegum áhrifum stöðugar hreinsunar á tækjabúnað frá Marel.

- Áður en haldið er áfram vinnslu morguninn eftir eða eftir hlé skal hreinsa fjórvirku ammóníumlausnina af flötum, sem komast í snertingu við hráefnið, með hreinu vatni.

Sóttthreinsunarefni

Við val á sóttthreinsunarefni skal haft í huga að klór tærir ryðfrítt stál. En klór er öflugt sóttthreinsiefni svo að nauðsynlegt getur reynst að nota það öðru hverju til að halda niðri örverum.

Marel mælir með eftirfarandi ferli:

- Notið klór einu sinni í viku eftir reglubundna hreingerningu með hábasísku froðuhreinsiefni.
- Gætið þess að klórstyrkurinn fari ekki yfir 200 ppm.
- Úðið sóttthreinsiefninu á fleti og látið verka í um 30 mínútur.
- Hreinsið búnaðinn vandlega eftir sóttthreinsun.
- Þá daga sem klór er ekki notaður skal nota sóttthreinsiefni með fjörgildum ammóníumsamböndum í staðinn.
- Gætið þess að styrkur fjörgildu ammóníumsambandanna fari ekki yfir 750 ppm.

Athugið: Notkun mismunandi sóttthreinsiefna (t.d. með klór, peracid eða súr-ójónað) í hreingerningarferlinu getur tryggt betra hreinlæti.

Þar sem klór gufar mjög hratt upp hverfa sóttthreinsunaráhrifin mjög fljótt eftir að honum er úðað á tækið. Þó að klór sé látinn liggja á tækinu fæst ekki betri sóttthreinsun, heldur veldur það aðeins skemmdum á tækinu. Fjörgild ammóníumsambönd eru mun stöðugri og eru lengur virk. Þess vegna gagnast það mun betur að láta þau liggja lengur á búnaðinum.

Þjálfun starfsfólks

Mikilvægt er að nýtt hreingerningafólk fái viðeigandi þjálfun og því sé bent á svæði á vélunum sem erfitt er að þrifa.

Villuboð

Villuboð:	Lýsing:	Aðgerð:
E-05	Óstöðugt núll	Gerið vogina stöðuga.
E-14	Mæligildi vantar	Hafið samband við Marel hf.
E-15	Gölluð stilling	Hreinsa skal V&M breytuvilluteljarann í Aðalvalmynd → 4- Grunnkerfi → Kerfi → Configuration → Weighing Configuration → View Critical Faults áður en farið er að endurstilla færíbreyturnar. Styðjið á CLEAR til að samþykkja sjálfgefnar stillingar sem eru sýndar. Skilgreinið allar nauðsynlegar færíbreytur og stillið vogina, ef þess þarf. Endurræsið vogina. Ef villan heldur áfram kann eitthvað að vera að vélbúnaðinum. Hafið samband við Marel hf.
E-17	Núll of lágt	Aukið þungann á pallinum. Ef þetta leysir ekki vandann er hugsanlegt að eitthvað sé að kraftnemanum. Hafið samband við Marel hf.
E-18	Núll of hátt	Minnkið þungann á pallinum eða tæmið pallinn alveg. Ef þetta leysir ekki vandann er hugsanlegt að eitthvað sé að kraftnemanum. Hafið samband við Marel hf.
E-23	24 V spenna of há	Sjáið til þess að spenna sé rétt.
E-25	24 V spenna of lág	Athugið spennuna á aflgjafanum.

Athugið: Hafið samband við Marel hf. eða umboðsaðila Marel ef villunnar verður vart áfram.

Uppsetning

Almennt

M2200 P02-M02 vogin er afhent úr verksmiðju með tilteknum sjálfgefnum stillingum. Sumum þessara stillinga er hægt að breyta svo að henti þörfum notandans og nauðsynlegt getur verið að breyta öðrum áður en vogin er tekin í notkun, eftir því til hvers á að nota hana.

Tækjastillingar

Aðgangur að flestum notandastillingum er um **Aðalvalmynd** → **4-Grunnkerfi** → **Kerfi** → **Configuration** → **Options**. Veljið stillingu og styðjið á  til að komast í tiltæk gildi stillingarinnar.

Tiltækar stillingar:

- **LCD contrast**
Færið inn tölugildi til að breyta birtuskilum á kristalskjánum. Sjálgildið er 7.
- **Range mode (vigtarsviðsháttur)**
Fyrir vogir með tveimur vigtarsviðum. Tiltækir kostir eru First range (Fyrri svið), Second range (Annað svið), Automatic (Sjálfvirkt, sjálgildi).
- **Automatic tare (Sjálfvirk tara)**
Hér er tilgreint hvort sjálfvirk tara skuli notuð eða ekki.
- **Select top menu cycle (Velja atriði aðalvalmyndar)**
Hér er hægt að tilgreina hvaða atriði aðalvalmyndar skuli vera aðgengileg beint af Vogarsíðunni með því að nota .
- **Backlight always on (Baklýsing alltaf á)**
- **Remote scale screen (Skjámynd fjartengdrar vogar)**
Notað þegar voginni er stýrt af fjartengdri móðurtölvu.
- **Allow Lua source update (Leyfa uppfærslu Lua-frumkóta)**

- **Run Lua application (Keyra Lua-forskrift)**
- **Language (Tungumál)**
- **YYYYMMDDHHMMSS (ÁÁÁÁMMDDKKMMSS)**
Klukka vogarinnar. Sniðið er ár-mánuður-dagur-klukkustund-mínútur-sekúndur.
- **Passwords (Aðgangsorð)**
Hér er hægt að breyta aðgangsorði umsjónarmanns. Þá þarf læsingarspöngin (Lock Enable jumper, T8) að vera á sínum stað á rafrásaspjaldinu.
- **Weighing Configuration (Skilgreining vigtunar)**
Gefur aðgang að vigtunarbreytunum. Þessum valkosti er lýst nákvæmlega í “Stillingar” á bls. 25.
- **Factory setting (Stilling framleiðanda)**
Hreinsar alla villuteljara og eyðir flestum notandastillingum.
- **Communications (Samskipti)**
Hér er hægt að tilgreina TCP/IP númer, netsíu og gátt. Einnig er sendingarhraði (baud rate) raðtengis tilgreindur hér, ef tengja á vogina við jaðartæki, til dæmis prentara eða strikamerkjalesara.
- **Test code (Prófunarkóti)**
Aðeins til notkunar í þjónustu og framleiðslu. Ætti að vera 0 (núll) við venjulega notkun.

Stillingar

Almennt

Stilling M2200-vogarinnar krefst þess að notað sé svokallað aðgangsorð þjónustu.

Við afhendingu úr verksmiðju er sjálfgefið aðgangsorð þjónustu:

Aðgangsorð þjónustu

- 62735


Annað aðgangsorð, aðgangsorð vegna vigtunarskilgreiningar, þarf til að komast í vigtunarskilgreiningaraðgerðir vogarinnar.

Aðgangsorð vegna vigtunarskilgreiningar er fast:

*V&M-skilgreiningar-
aðgangsorð*

- 322225

Hægt er að breyta eða eyða aðgangsorði þjónustu ef læsingarspöngin (T8) er á sínum stað á rafrásaspjaldinu. Farið á Breytingaefitirlitssíðuna (**Aðalvalmynd → v-Breytingaefitirlit**) til að sjá hvort spöngin er sett upp á rafrásaspjaldi vogarinnar.



Mynd 12 Læsingarspöng.

Aðgangsorði þjónustu breytt eða eytt

- 1 Í aðalvalmyndinni skal velja **4-Grunnkerfi → Kerfi → Configuration**.
- 2 Færið inn nýja aðgangsorðið og styðjið á ☒ til að staðfesta og fara aftur Aðalvalmyndina.

- 3 Ef fjarlægja á aðgangsorðið er stutt á CLEAR og síðan ☒ til að staðfesta og fara aftur á Kerfissíðuna.

Athugið: Þegar aðgangsorði þjónustu er breytt verður að gæta þess að nýja aðgangsorðið sé rétt fært inn. Ef villa er gerð og fært inn annað aðgangsorð verður að fjarlægja læsingarspöngina (T8) til að gera sjálfgefna aðgangsorðið virkt svo að hægt sé að komast á Skilgreiningarsíðuna, og velja nýtt aðgangsorð.


Stilling vogarinnar

Áður en byrjað er að stilla vogina verður að skilgreina eftirfarandi kerfisvalkosti:

- þyngdareiningu vogarinnar
- viktarsvið vogarinnar
- upplausn vogarinnar

Í allar þessar aðgerðir er hægt að komast með valkostinum **Configuration (Skilgreining)** á Kerfissíðunni:

- 1 Í aðalvalmyndinni skal velja **4-Grunnkerfi → Kerfi → Configuration** og styðja á ☒.
- 2 Færið inn aðgangsorð þjónustu, ef þarf, og styðjið á ☒. Veljið **Weighing Configuration (Vigtunarskilgreining)**.
- 3 Færið inn aðgangsorð vigtunarskilgreiningar (322225), ef þarf, og styðjið á ☒. Vigtunarskilgreiningarsíðan birtist (sjá Mynd 13).



Mynd 13
Vigtunarskilgreiningarsíðan


Viktarsvið og upplausn

Viktarsvið og upplausn vogarinnar er stillt á sömu síðunni. Viktarsviðið er á bilinu núll til mestu þyngdar.

Stilling upplausnar ákveður minnstu læsilegu þyngdarbreytingu sem vogin á að sýna (í Mynd 14 er upplausnin 1 g upp í 3 kg og 2 g þegar þyngdin á vogarpallinum er einhvers staðar á milli 3 og 6 kg).

Athugið: Ef $Max2 = Max1$ og $e2 = e1$ er aðeins eitt viktarsvið í notkun. Tvö svið eru aðeins virk ef $Max2 > Max1$.

Stilling vigtarsviðs og upplausnar




Mynd 14 Vigtarsviðið stillt.

- 1 Veljið **Max/e** á Vigtunarskilgreiningarsíðunni og styðjið á .
- 2 Veljið valkost (t.d. e1 eða max1), styðjið á  og notið tölutakkana til að færa inn nýtt gildi.
- 3 Styðjið á  til að fara aftur á fyrri síðu.
- 4 Endurtakið þetta til að stilla gildin sem eftir eru.

Þyngdareining

Notið kostinn **Units (Einingar)** á Vigtunarskilgreiningarsíðunni til að velja þyngdareiningu fyrir M2200-vogina. Tiltækar einingar eru kg, g, lb eða oz.

Þyngdareining valin




- 1 Veljið **Units** á Vigtunarskilgreiningarsíðunni og styðjið á .
- 2 Notið örvatakkana til að velja einingu.
- 3 Styðjið á  til að fara aftur á fyrri síðu.

Athugið: Skilgreining þyngdareiningar breytir ekki stillingu vogarinnar. Ef einingunni er t.d. breytt úr kg í lb sýnir vogin eftir sem áður 2.000 þegar 2 kg eru sett á vogarpallinn. Endurstilla verður vogina til að gera nýju þyngdareininguna virka.

Stilling viðbragðstíma

